



Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2017

Erindi: Umsögn endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar vegna árshlutareiknings A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – september 2017.

Endurskoðunarnefnd hefur í samræmi við eftirlitshlutverk sitt fengið kynningu á árshlutareikningum sem lagðir eru fyrir borgarráð.

Í störfum sínum hefur endurskoðunarnefndin lagt áherslu á að vinnuferlið við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar sé skjalfest og hver aðgerð í ferlinu sé áhættumetin til þess að greina hættuna á að veruleg skekkja eða rangfærsla komist í reikningsskilin. Nauðsynlegt er að tilgreina í vinnuferlinu eftirlitsaðgerð sem beinist að skilgreindri áhættu og unnt sé að staðfesta þá eftirlitsaðgerð.

Vinnuferli við gerð reikningsskila samstæðu Reykjavíkurborgar er eðli máls samkvæmt að ýmsu leyti flókið og umfangsmikið og hefur Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar fylgt eftir niðurstöðum af sérstakri úttekt sinni á þessu ferli sem gerð var í ársbyrjun 2014. Ýmsar undirliggjandi ástæður geta legið til þess að breytingar verði á þessu vinnuferli, t.d. að tekin séu í notkun ný eða uppfærð kerfi, og er því nauðsynlegt að kanna reglulega virkni eftirlits í ferlinu. Það er því mat endurskoðunarnefndar að nauðsynlegt sé að Innri endurskoðun geri á ný slíka úttekt á fyrri hluta ársins 2018.

Endurskoðunarnefndin hefur óskað eftir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum um innra eftirlit sem fram koma í skýrslu ytri endurskoðenda til borgarstjóra dags. í apríl 2017. Svör hafa borist frá Fjármálaskrifstofu þar sem gerð er grein fyrir viðbrögðum við því sem fram kemur í skýrslunni.

Nefndin hefur átt fund með fjármálastjóra og borgarþóttara um árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – september 2017. Á fundinum var rætt um helstu álitamál og mikilvæga liði í reikningsskilunum og farið yfir atriði sem varða framsetningu árshlutareikningsins. Nefndin hefur með sama hætti fengið kynningu á árshlutareikningi Orkuveitu Reykjavíkur fyrir sama tímabil en árshlutareikningur Orkuveitunnar hefur töluvert vægi í árshlutareikningi samstæðu Reykjavíkurborgar. Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar í árshlutareikningi Orkuveitunnar er árshlutareikningurinn ekki kannaður af endurskoðendum fyrirtækisins.

Ofangreind yfirferð endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar á árshlutareikningi borgarinnar fyrir tímabilið janúar – september 2017 hefur ekki leitt í ljós annað en að árshlutareikningurinn sé gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglur sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga.

Nefndin telur rétt að vekja athygli á samandregnum niðurstöðum og helstu ábendingum sem fram koma í skýrslu fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu 9 mánaða uppgjors Reykjavíkurborgar 2017.

f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar


Ólafur B. Kristinsson